

Nd.

614. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta fátækralaganefndar.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. efri deild, og var vísað til fátækralaganefndarinnar.

Það gerir þá eina breytingu á núgildandi sveitarstjórnarlögum, að við

kosningar til sýslunefnda og hreppsnefnda skuli viðhafa leynilega atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefnd ákveður, eða $\frac{1}{10}$ hluti kjósenda óska.

Vjer höfum nú að vísu ekki orðið þess varir, að enn sem komið er, sje, alment tekið, nein knýjandi nauðsyn að kjósa leynilega til sveitastjórna.

Að minsta kosti vitum vjer ekki til að mikil eftirsókn sje um að komast í hreppsnefndir.

En þrátt fyrir það, er þó ekki gott að staðhæfa, að ekki geti þau atvik komið fyrir að rjettara væri, að viðhafa leynilegar kosningar, og þar sem sú aðferð er ekki alment fyrirskipuð í frumvarpinu, heldur hitt að kjósendur og hreppsnefnd megi ráða því nokkuð, hvort leynilegar kosningar eru viðhafðar eða ekki, þá sjáum vjer ekki neitt athugavert við það að þessu leyti, að frumvarpið nái fram að ganga.

Aftur á móti þykir oss það nokkuð varhugavert, að aðeins $\frac{1}{10}$ hluti kjósenda geti ráðið því, að leynileg kosning sje viðhöfð. Viljum vjer færa þá tölu upp í $\frac{1}{3}$, og berum fram svofelda

BREYTINGARTILLÖGU

við frumvarpið á þingskjali 381.

Við 1. málsgrein 1. greinar.

Fyrir $\frac{1}{10}$ komi:

$\frac{1}{3}$.

Ráðum vjer svo háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri breytingu.

Alþingi 27. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Þorleifur Jónsson,
skrifari og framsm.

Hjörtur Snorrason.

Sigurður Sigurðsson.